

Skólaráðsfundur 28.1.2015

Mættir: Þrúður, Andrea, Ágústa, Ragna, Róbert, Sigrún og Þórunn.

Mannauðsmál.

Þrúður kynnti breytingar á starfsmannahópi, sem voru smávægilegar um áramót. Námskeið og fræðsla til starfshóps rædd, sem hefur færst í aukana.

Fjárhagsáætlun 2015 rædd. Þrúður kynnti hagræðingakröfu til grunnskólans sem ekki hefur verið útfærð. Þrúður sagði frá umræðu og vinnu varðandi kvótasetningu grunnskólans sem Gunnar Gíslason kemur að með skólastjórnendum í Mosfellsbæ.

Samvinna við foreldra um málefni barna og barnahópa. Þrúður ræddi leiðir sem farnar hafa verið í skólanum við kynningu á þörfum einstakra barna.

Róbert spyr um fundargerðir á heimasíðu. Þrúður kemur ábendingu áfram. Róbert spyr um úttektir á hljóðvist í skólanum og áætlanir þar um. Þrúður gerir grein fyrir stöðu þeirra mála og áætlunum.

Þrúður segir frá samningum við HÍ um nema, leik- og grunnskólakennara ásamt þroskaþjálfanemum.

Þrúður greinir frá vatnstjóni milli jóla og nýárs og viðgerðaráætlunum.

Spurt er um fatahengið og málið rætt.

Spurt um umferðaröryggismálin og skort á skiltum við skólann. Þrúður mun ítreka það.

Þórunn hrósar snjómokstri við skólann og í Mosfellsbæ öllum.